

mbl.is/frettir



mbl.is/Ómar

Innlent | Morgunblaðið | 22.1.2009 | 05:30

Íslendingar með þeim svartsýnustu

Tæplega 70% Íslendinga telja að efnahagsástandið muni versna hér á landi á næstu mánuðum. Á heimsvísu er hlutfallið tæp 50%. Þetta er meðal niðurstaðna úr könnun um áhrif fjármálakreppunnar á almenning sem framkvæmd var í sautján löndum. Capacent Gallup sá um könnunina á Íslandi.

Bretar eru einna svartsýnastir um horfur í efnahagsmálum en 78% þeirra telja að ástandið muni versna næstu þrjá

mánuði.

Helmingur Íslendinga taldi að tekjur fjölskyldu þeirra myndu lækka á næstu 12 mánuðum og voru þeir, ásamt Kóreumönnum, svartsýnastir hvað þetta atriði varðaði. Einnig var spurt hvort nú væri góður tími eða slæmur til að festa kaup á húsnæði. 66% Íslendinga töldu að nú væri slæmur tími til þess en hlutfallið á heimsvísu var 43%.

Þá voru Íslendingar einna svartsýnastir hvað varðaði traust á ríkisstjórn til að ná stjórn á efnahagsvandannum og traust til þess að bankarnir nái stöðugleika.

Könnunin var framkvæmd með netkönnun dagana 4.-9. desember sl. Úrtakið var 1.129 manns og svarhlutfallið 55%.

Nánar í Morgunblaðinu. Smelltu hér til að gerast áskrifandi.

← Til baka



Slóð: http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2009/01/22/islendingar_med_theim_svartsynustu/?search=70%25

Skoðað: 2009-04-07 14:50

© mbl.is/Árvakur hf